

Norðurþing

Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík 29. maí 2018  
UST201805-020/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Deiliskipulag - Iðnaðarsvæði 13 - Norðurþing**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði nr. 13 við Núpsmýri í Öxarfirði, Norðurþingi. Á iðnaðarsvæði nr. 13 við Núpsmýri er fiskeldisstöð með landeldi og er hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar 1.100 – 1.200 tonn á ári. Nú þegar hefur verið sótt um að leyfilegt framleiðslumagn verði 3.000 tonn á ári. Einnig er áætlað að auka eldisrýmið í áföngum úr 22.000 m<sup>3</sup> í 44.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur í lýsingu að svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt áður.

### **Skipulagssvæðið**

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið liggur 13 km suður af Kópaskeri. Einnig kemur fram að lóðin er afmörkuð með girðingu alls 6,37 ha að flatarmáli, en einnig segir að iðnaðarsvæði 13 nái til 5,6 ha svæðis og að fiskeldið verði alfarið innan þess. Umhverfisstofnun tekur undir það að áherslur í skipulagsvinnu eru þær að ný mannvirki falli vel að eldri mannvirkjum sem og náttúrunni í kring.

### **Helstu einkenni og aðstæður**

Í lýsingu kemur fram að Núpsvatn er suðaustan við iðnaðarsvæðið, einnig kemur fram að vatnið er fallett og þar er nokkuð um vaðfugla og andfugla. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Mikilvægt er að ekki fari mengun frá stöðinni í Núpsvatn og einnig er mikilvægt að framkvæmdir við fiskeldi fari ekki nær Núpsvatni en 50 m.

Umhverfisstofnun bendir á að í nágrenni stöðvarinnar er mikið um mýrlendi og er mikilvægt að vatnsstaða á votlendissvæðinu raskist ekki við áætlaðar framkvæmdir. Stofnunin bendir einnig á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur, sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þeirra.


### Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og er mikilvægt að fjallað sé um fráveitu með skýrum hætti í deiliskipulagstillögu. Einnig bendir stofnunin á að ekki hefur gengið sem skyldi með settjarnir sem taka eiga við affalli frá kerjum áður en það fer í Brunná. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fjallað verði um settjarnimar í umhverfisskýrslu væntanlegs deiliskipulags. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að fram komi áætlanir um það hvernig grófhreinsun á affalli frá nýjum kerjum verði háttáð.

### Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að við stækkun ofangreinds fiskeldis þarf að sækja um nýtt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur